

PAX/KOMPLEMENT **fataskápar og** **innvols**

Upplýsingar um ábyrgðir

10



10

Miklar kröfur eru gerðar til fataskápa heimilisins í daglegu lífi. PAX/KOMPLEMENT fataskápar og innvols standast ströng próf til að uppfylla kröfur okkar um gæði, styrk og endingu.

PAX/KOMPLEMENT fataskápar og innvols eru prófuð samkvæmt ströngustu stöðlum fyrir húsbúnað. Það þýðir að við getum boðið þér 10 ára ábyrgð, sem nær yfir PAX/KOMPLEMENT fataskápa og innvols sem bera merkið hér að neðan. Ábyrgðin gildir um galla í efni og handverki. Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.



Hvað gildir ábyrgðin lengi?

Ábyrgð á PAX/KOMPLEMENT skápum og innvolsi gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupum.

Hvaða fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota og nær yfir galla í efni og framleiðslu á eftirfarandi PAX/KOMPLEMENT vörum:

- Skápum
- Hurðum á lómum og lómum
- Skilrúmum í skápa og hilluinnlegg
- Rennihurðum og rennihurðabúnaði
- KOMPLEMENT innvols

Hvaða vörur falla ekki undir þessa ábyrgð?

KOMPLEMENT innlegg fyrir skartgrip, KOMPLEMENT innlegg með fjórum hólfum, KOMPLEMENT innlegg með hólfum, KOMPLEMENT skilrúm fyrir útdraganlegan bakka, KOMPLEMENT kassar og KOMPLEMENT motta í skúffu.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA.

Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð viðeigandi sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er viðeigandi og sambærileg vara.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar eða settar saman á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum.

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga.

Ábyrgðin gildir ekki ef vara hefur verið geymd utandyra, í raka eða ef varan hefur verið notuð annars staðar en á heimilum (nema annað sé tekið fram).

Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Leiðbeiningar um umhirðu

Gættu þess að fara eftir samsetningarleiðbeiningunum og festa fataskápana við vegg öryggisins vegna. Athugaðu að veggir eru mismunandi og þurfa því mismunandi skrúfur og festingar. Hafðu samband við fagmann ef þig vantar ráðleggingar um hvaða skrúfur og festingar henta fyrir þínum veggjum.

Þrífðu með rökum klút, vættum í mildum sápulegi. Þurrkaðu með þurrum klút.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á IKEA.is.

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða þú ert ekki ánægður, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

